

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2017

2018/EES/81/17

frá 17. mars 2017

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn skrá yfir þriðju lönd sem eru viðurkennd að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna samkvæmt tilskipun 2008/106/EB (Staðan 1. ágúst 2015) (2015/C 261/04) ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 56js (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/935/ESB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„56jt. **52015XC0808(02)**: Skrá yfir þriðju lönd sem eru viðurkennd að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna samkvæmt tilskipun 2008/106/EB (Staðan 1. ágúst 2015) (2015/C 261/04) (Stjtið. ESB C 261, 8.8.2015, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti skrár 2015/C 261/04, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 261, 8.8.2015, bls. 25.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.